



Reykjavík, 4. apríl 2024

MSS24020184

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um upplýsingaöryggi hjá Barnavernd Reykjavíkur

Þann 29. febrúar 2024 lagði áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins fram í borgarráði svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um fyrirkomulag og ábyrgð á upplýsingaöryggi hjá Barnavernd Reykjavíkur. Hvernig er ábyrgð á upplýsingaöryggi skilgreind og hvernig er það meðhöndlað innan Barnaverndar Reykjavíkur?

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar velferðarsviðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar 6. mars 2024.

Svar:

Persónuupplýsingar sem velferðarsvið Reykjavíkurborgar aflar vegna vinnslu mála eru unnar og varðveittar í samræmi við lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Um starfsemi og starfsfólk Barnaverndar Reykjavíkur gildir jafnframt X. kafli stjórnisýslulaga nr.37/1993 um tjáningarfrelsi, þagnarskyldu og fleira samanber ákvæði 8.mgr.4.gr. barnaverndarlaga nr.80/2002.

Samkvæmt skjalastefnu Reykjavíkurborgar ber framkvæmdarstjóri Barnaverndar Reykjavíkur ábyrgð á allri skjalavistun stofnunarinnar. Öll pappírsgögn sem hafa að geyma trúnaðarupplýsingar um einstaklinga eru varðveitt í læstum hirslum í læstu rými. Ekki er heimilt að fara með gögn í málum einstaklinga út úr húsi nema í samráði við framkvæmdastjóra og gæti það mögulega komið til þegar farið er fyrir fundi Umdæmisráðs eða fyrir dóm. Öll frumrit eru varðveitt í læstu skjalarymi Barnaverndar Reykjavíkur eftir að hafa verið skráð og skönnuð inn í rafrænt skjalavörslukerfi. Afrit af öllum gögnum með undirskrift starfsmanns varðandi tiltekið barn eru sett til röðunar í möppu barnsins sem varðveitt er í skjalaskáp.

Útsend gögn til þeirra sem hafa óskað eftir gögnum samkvæmt upplýsingalögum nr. 140/2012 eru send rafrænt í gegnum Signet Transfer og aðeins móttakandi getur opnað skjölin með rafrænum skilríkjum. Gögn eru sérstaklega yfirfarin áður en þau eru send samkvæmt slíkum beiðnum með tilliti til heimildar viðkomandi til aðgangs samkvæmt upplýsingalögum og barnaverndarlögum



Reykjavík



Málaskrá velferðarsviðs er HCL Notes/Domino grunnur sem hýstur er af upplýsingatæknideild Reykjavíkurborgar, UTR, og teljast tæknilegar öryggisráðstafanir skjala og gagna sem vistuð eru í þessu kerfi uppfylltar. Tekin eru öryggisafrit og uppfærslur gerðar á Málaskrá með reglubundnum hætti. Það er ábyrgð næsta yfirmanns starfsmanns að sækja um aðgang að Málaskrá en aðeins fyrirfram ákveðnir aðilar hafa heimild til þess og fer umsókn um aðgang í gegnum grunninn Kerfisaðgangur þar sem UTR annast vinnslu beiðna. Veittur er les- eða skrifaðgangur að Málaskrá eftir atvikum. Að öðru leiti gilda reglur um aðgang að tölvukerfum Reykjavíkurborgar um vinnslu í Málaskrá velferðarsviðs.

Hjá Barnavernd Reykjavíkur er lögð rík áhersla á að tryggja upplýsingaöryggi, aðgangur að trúnaðarupplýsingum er með þeim hætti að einungis það starfsfólk sem hefur heimild til fær aðgang að kerfinu til að vinna í málum notenda sinna. Allar uppflettingar eru rekjanlegar til starfsfólks. Með þeim hætti er öryggis gætt í hvívetna. Hvað varðar upplýsingaöryggi og rafrænt skjalakerfi þá ber Upplýsingaöryggisráð UTR (upplýsingatækniþjónusta Reykjavíkurborgar) ábyrgð á upplýsingaöryggisyfirlýsingu UTR og að hún sé endurskoðuð reglulega.

Virðingarfyllt,

Rannveig Einarsdóttir,
sviðsstjóri velferðarsviðs



Reykjavík